

Nánari upplýsingar um kostnaðaráætlun við innleiðingu MST-CAN

Vinsamlega staðfestið með tölvupósti eigi síðan en 18. júní n.k. á halldor@bvs.is hvort barnaverndarnefnd ætlar að taka þátt í innleiðingu

Vísað er í bréf Barnaverndarstofu, dags. 20. febrúar s.l., um innleiðingu MST-CAN og fjarfund með stjórnendum barnaverndarnefnda 23. mars. Niðurstaða þess fundar var að allir þátttakendur lýstu áhuga á þátttöku í innleiðingu MST-CAN síðar á þessu ári en óskað var eftir nánari upplýsingum um ákveðin atriði sem snúa að kostnaði. Eins og fram hefur komið mun innleiðingin fyrst í stað vera bundin við suðvesturland, þ.e. höfuðborgarsvæðið og u.þ.b. klukkustundar akstur þaðan (Reykjanes, að Borgarnesi og Selfossi og nágrenni).

Eins og fram kemur í *Framkvæmdaáætlun í barnavernd fyrir árin 2019-2022* er Barnaverndarstofu úthlutað kr. 15 milljónir árið 2020, 50 milljónir árið 2021 og 50 milljónir árið 2022 vegna innleiðingar MST-CAN. Gert er ráð fyrir viðbótarframlagi sveitarfélaga.

Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður um 114 milljónir króna og gerir ráð fyrir:

- Teymi með þremur þerapistum, teymisstjóra og sérstökum aðstoðarmanni í þjónustu við fjölskyldur (case worker sem fylgir MST-CAN verklaginu) auk geðlæknisþjónustu.
- Helstu útgjaldaliðir er
 - Þjálfunarkostnaður í upphafi og þjónustugjöld við MST Services vegna vikulegs konsúlts og ársfjórðungslegra booster námskeiða erlendra sérfræðinga (hér miðuð við gengi dollars 150 kr)
 - launakostnaður, húsnæði, bílar og annar búnaður og geðlæknisþjónusta.

Framlag ríkisins kr. 50 milljónir á ári dekkar um það bil 44% kostnaðar og hlutur sveitarfélaga er því um 56%. Fram kom það sjónarmið á fjarfundinum 23. mars að reyna beri á þátttöku Sjúkratrygginga og Landspítala í geðlækniskostnaði og -þjónustu. Eins og fram kom mun Barnaverndarstofa skoða allar leiðir í tengslum við geðlæknisþjónustu en að svo stöddu og þangað til annað kemur í ljós er gert ráð fyrir að kostnaður við þjónustu geðlæknis sé hluti af rekstrarkostnaði.

Málafjöldi á hvern þerapista er allt að fjögur börn hverju sinni og meðferðartíminn nemur allt að níu mánuðum. Því er miðað við að MST-CAN teymið hafi að jafnaði um 10-12 pláss á ári. Ef tvö eða fleiri börn á aldrinum 6-17 ára sem ofbeldið eða vanrækslan hefur beinst að eru á sama heimili telur málið sem tvö pláss en telur þó aldrei meira en tvö pláss burtséð frá fjölda barna á heimilinu. Aldursviðmiðið 6-17 ár er miðað við að barnið hafi þroska og skilning til að taka þátt í meðferð og hafi m.a. skilning á öryggisplönnum sem gerð eru með þeim. Því er ekki útilokað og matsatriði hverju sinni hvort yngri börn en 6 ára geti verið talin með sem hluti af meðferð, að undangengnu öryggismati í samráði við barnaverndarnefnd sem snéri að því hvort öruggt sé að hefja meðferðina og að barnið búi á heimilinu.

Miðað við ofangreindar forsendur gildir eftirfarandi:

- Kostnaður sveitarfélaga við MST-CAN meðferð er kr. 120.000 krónur á pláss á viku.
- Ef fleiri en eitt barn, sem ofbeldið eða vanrækslan hefur beinst að, búa á heimilinu þá telst meðferðin að hámarki sem tvö pláss eða 240.000 krónur á viku.
 - Í algjörum undantekningartilvikum er ekki útilokað að samráð barnaverndarnefndar og Barnaverndarstofu leiði í ljós að mál fjölskyldu með einungis eitt barn geti talist mjög

umfangsmikið og flókið en engu að síður beri að reyna MST-CAN sem verði þá að telja sem tvö pláss svo nægur tími sé í viku hverri til að veita viðunandi meðferð.

- Ef nota þarf túlkabjónustu gildir sama regla og í öðrum meðferðarúrræðum á vegum Barnaverndarstofu, að túlkakostnaði er skipt jafnt á milli stofunnar og barnaverndarnefndar.
- Jafnan er reiknað með að allir þættir meðferðar fari fram í MST-CAN teyminu sem fari jafnframt með klíniska stjórnun meðferðar eins og gildir jafnan í MST meðferð (clinical lead). Það útilokar þó ekki að í einhverjum tilvikum sé talið nauðsynlegt að halda annarri sálfræði- eða geðlæknismeðferð áfram samhliða eða að samráð MST-CAN teymis og barnaverndarnefndar leiðir í ljós að slík meðferð hefjist samhliða MST-CAN meðferð.

Barnaverndarstofa gerir ráð fyrir að af 15 milljón króna framlagi ársins 2020 verði 5-6 milljónum króna varið til að greiða áætlaðan kostnað við ráðningu og þjálfun teymisstjóra, þjálfun þerapista og komu erlendra sérfræðinga til landsins og samráðs- og kynningarfunda þeirra með starfsfólki Barnaverndarstofu, barnaverndarnefnda og öðrum samstarfsaðilum. Eftirstöðvum á bilinu 9-10 milljónir króna verði varið í laun teymisstjóra og annarra sérfræðinga sem annars vegar þarf að greiða á samráðstímabili teymisstjóra með barnaverndarnefndum og síðan þjálfunartímabili allra sérfræðinga í teyminu (án kostnaðarþátttöku sveitarfélaga) og hins vegar eftir að fyrstu mál eru tekin til meðferðar og þá með kostnaðarþátttöku sveitarfélaga. Barnaverndarstofa mun þurfa að meta nánar hvaða svigrúm þessir fjarmunir bjóða upp á varðandi tímasetningar á upphafi MST-CAN meðferðar en mun að óbreyttu hafa neðangreinda spönn á tímalínu til viðmiðunar:

Samráðs- og kynningarfundur með barnaverndarnefndum og erlendum MST-CAN sérfræðingum	September eða október 2020
Ráðning og þjálfun teymisstjóra Samráðsfundir með barnaverndarnefndum, handleiðsla og samráð um val á fyrstu málum. Tilvísanir hefjast til Barnaverndarstofu.	Október eða nóvember 2020
Ráðning og þjálfun þerapista.	Nóvember eða desember 2020
Fyrstu mál til meðferðar í MST-CAN	Desember 2020 eða janúar 2021

Forsendan fyrir því að hægt sé að innleiða MST-CAN hér á landi er eins og fram kom kostnaðarþátttaka sveitarfélaga. Barnaverndarstofa óskar vinsamlega eftir því að fá staðfestingu frá barnaverndarnefnd eigi síðan en 18. júní n.k. hvort nefndin ætli sér að taka þátt í innleiðingu MST-CAN.

Reykjavík 25. maí 2020

Virðingarfyllt

f.h. Barnaverndarstofu

Halldór Hauksson

Sviðsstjóri meðferðar- og fóstursviðs